

1. fundur foreldraráðs leikskólans Goðheima, 04.10.2021 kl. 10:00-11:00

Fundarstaður: Næði í Goðheimum

Mætt: Brynja Guðmundsdóttir, Björk Halldórsdóttir, Elín Huld Kjartansdóttir, Tinna Dögg Tryggvadóttir, Sigríður Birna Birgisdóttir og Anna Gína Aagestad

Fundarefni:

1. Stofnun foreldraráðs Goðheima fór þannig fram við upphaf leikskólagöngu fengu foreldrar kynningu á hlutverki foreldraráðs með ósk um að gefa sig fram óski þeir eftir að vera í foreldraráði Goðheima. Á kynningarfundum með foreldrum barna á öllum deildum sem haldnir voru dagana 21., 22. og 23. september 2021 var hlutverk foreldraráðs kynnt og óskað eftir fulltrúum foreldra í ráðið. Eftirfarandi sitja í foreldraráð Goðheima fyrir skólaárið 2021-2022: Brynja Guðmundsdóttir, Björk Halldórsdóttir, Elín Huld Kjartansdóttir og Tinna Dögg Tryggvadóttir. Þetta er fyrsta foreldraráð í Goðheimum og er það boðið velkomið til starfa.
2. Farið yfir hlutverk foreldraráðs og Handbók kynnt.
 - Hlutverk foreldraráðs: Í leikskólum skal vera starfrækt foreldraráð og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að stofnun þess og kosningu í ráðið. Foreldraráð er skipað a.m.k. þremur foreldrum og skal kosning fara fram í september ár hvert og kosið til eins árs í senn. Ráðið setur sér starfsreglur sem það vinnur eftir og ber leikskólastjóra að vinna með ráðinu. Hlutverk foreldraráðs leikskóla er eftirfarandi:
 - Gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans
 - Fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum
 - Hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi
3. Skipting á hlutverkum/verkaskipting innan foreldraráðs. Ákveðið var að Elín Huld Kjartansdóttir yrði formaður og Brynja Guðmundsdóttir ritari.
4. Starfsreglur foreldraráðs Goðheima verða staðfester á næsta fundi 15. október 2021.
5. Fundatímar foreldraráðs skólaárið 2021-2022. Verða annan föstudag í hverjum mánuði kl. 8:00-9:00. Aukafundur verður 15. október 2021.
6. Starfsáætlun Goðheima farið yfir vinnulag og stöðu hennar sem er í vinnslu og aðkomu foreldraráðs að starfsáætlun. Stefnt á að kynna starfsáætlun betur fyrir foreldraráð 15. október.
7. Skólanámskrá Goðheima er í vinnslu og verður þetta skólaár. Aðkoma foreldraráðs að þeirri vinnu til umræðu.

Næstifundur verður 15. október 2021 kl. 8:00-9:00 í Næði, Goðheimum.

Elín Huld Kjartansd.
Tinna Dögg Tryggvad
Anna Gína Aagestad
Sigríður Birna Birgisdóttir

Brynja Guðmundsdóttir
Björk Halldórsd.